

Tilmæli 12/2024
Tillaga A 1966/UVU
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 12/2024 um gerð sameiginlegra norrænna byggingartæknireglugerða og -krafna til að draga úr kostnaði og efla samkeppni, NMR (A 1966/UVU)

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að afgreiðslu tilmæla 12/2024 um sameiginlegar norrænar byggingartæknireglugerðir og kröfur til að draga úr kostnaði og efla samkeppni sé lokið af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna að gerð sameiginlegra byggingartæknireglugerða og -krafna til að draga úr kostnaði og efla samkeppni

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Í tilmælum Norðurlandaráðs er bent á að ólíkar byggingarreglugerðir og mismunandi mannvirkjacröfur landanna geri fyrirtækjum sem starfa í einu landi erfitt fyrir að færa sig yfir landamærin. Þessi mismunur milli landanna gerir minni fyrirtækjum og smáhúsaframleiðendum erfitt að aðlaga framleiðslu sína að öllum þessum ólíkum kröfum og stöðlum. Þetta kemur niður á samkeppni og gerir það erfitt að byggja upp sameiginlegan norrænan heimamarkað. Ólíkar byggingareglugerðir landanna hafa ýmis vandamál í för með sér, svo sem að því er varðar pípulagnir, raflagnir, aðgengi, bruna- og hávaðavarnir og flokkun og vottun þessa.

Í nefndarálitinu er bent á að leysa megi mörg vandamál á evrópskum vettvangi en einnig séu mikil tækifæri fyrir norrænu löndin til að vera í fararbroddi og setja sér sameiginlegar reglur. Þetta á sérstaklega við þegar nýjar byggingarreglur eru samdar.

Aukið samstarf og samræming að því er varðar reglur og þróun á nýjum sviðum, svo sem reglur um loftlagsvottun bygginga, mat á hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði og



stafræna væðingu sem tæki til að samræma byggingarreglur, getur stuðlað að aukinni samkeppni og þar með lækkað byggingarkostnað.

Að sögn nefnda Norðurlandaráðs er nú þegar unnið að samræmingu reglna á mörgum sviðum. Það væri þó æskilegt að Norræna ráðherranefndin skoðaði möguleikana á betri samræmingu í því augnamiði að tryggja samkeppnishæf og sjálfbær Norðurlöndum þar sem vinnuafli býr yfir hæfni og þekkingu til þess að starfa hvar sem er á Norðurlöndum. Aukin samræming myndi skapa stærri markað fyrir alla frumkvöðla á Norðurlöndum og til langs tíma lækka verð til neytenda.

Á grundvelli þessa beindi Norðurlandaráð þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að taka saman sameiginlegar norrænar reglur um byggingartækni og kröfur um að draga úr kostnaði og stuðla að aukinni samkeppni.

Norræna ráðherranefndin þakkar norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni fyrir þingmannatillögu um sameiginlegar byggingartæknireglur.

Norræna ráðherranefndin hefur lengi unnið að því að efla norrænt samstarf á sviði byggingar- og húsnæðismála. Norræna verkefnið Sustainable Construction stóð yfir frá 2021 til 2024 og skilaði margs konar mikilvægum niðurstöðum, sjá lokaskýrslu: <https://www.norden.org/en/publication/toolbox-future-proof-construction> Áherslusvið verkefnisins voru fjögur: loftslag, hringrás, stafvæðing og ESB-samstarf.

Í október 2024 samþykktu norrænu atvinnumálaráðherrarnir (MR-N) nýja samstarfsáætlun á sviði atvinnumála fyrir árin 2025–2030 sem einnig ná til byggingar- og húsnæðismála. Í starfsáætlun atvinnumálasviðs 2025–2027 er kveðið á um hvernig samstarfsáætlunin skuli framkvæmd ásamt því sem fjallað er um byggingar- og húsnæðismál sem sérstakt aðgerðasvið sem leggja eigi áherslu á á tímabilinu. Sú vinna sem þarf að fara fram til þess að stuðla að því að til verði sameiginlegar reglur krefst sérhæfðrar þekkingar og náins samstarfs. Ekki er enn búið að taka ákvörðun um fjármögnun fyrir áætlunartímabilið 2025–2030. Fjármögnun er forsenda þess að af aðgerðinni geti orðið.

Aðgerðasviðið styður við þróun sameiginlegs, samkeppnishæfs og sjálfbærs byggingar- og húsnæðissviðs á Norðurlöndum sem byggist á núverandi norrænu samstarfi á sviði byggingarmála.

Norrænu ráðherranefndin telur því að það standi yfir vinna sem miðar að því að efla samstarf og auka skilvirkni og samkeppnishæfni í byggingar- og húsnæðismálum á Norðurlöndum og að best fari á því að hugsanleg vinna við samnorrænar byggingartæknilegar reglur fari fram innan þess ramma.



Vegna þeirrar vinnu sem þegar er í gangi lítur Norræna ráðherranefndin svo á að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta.

Sjónarmið nefndarinnar

Í svari Norrænu ráðherranefndarinnar kemur fram að lengi hafi verið unnið að því að efla norrænt samstarf á sviði byggingar- og húsnæðismála og að sú vinna hafi skilað árangri. Vísað er til lokaskýrslu norræns verkefnis: [Toolbox for Future-Proof Construction: Results from the Nordic Sustainable Construction Programme 2021–2024](#).

Í október 2024 samþykktu norrænu atvinnumálaráðherrarnir (MR-N) nýja samstarfsáætlun á sviði atvinnumála fyrir árin 2025–2030 sem einnig ná til byggingar- og húsnæðismála. Í starfsáætlun atvinnumálasviðs 2025–2027 er kveðið á um hvernig samstarfsáætlunin skuli framkvæmd ásamt því sem fjallað er um byggingar- og húsnæðismál sem sérstakt aðgerðasvið sem leggja eigi áherslu á á tímabilinu.

Norrænu ráðherranefndin telur því að það standi yfir vinna sem miðar að því að efla samstarf og auka skilvirkni og samkeppnishæfni í byggingar- og húsnæðismálum á Norðurlöndum og að best fari á því að hugsanleg vinna við samnorrænar byggingartæknlegar reglur fari fram innan þess ramma.

Nefndin fagnar því að ákvörðun hafi verið tekin um nýja áætlun fyrir tímabilið 2025–2030 en á sama tíma vekur það áhyggjur að fjármögnun fyrir tímabilið hafi ekki verið ákveðin. Fjármögnun er forsenda þess að af aðgerðinni geti orðið.

Nefndin felur skrifstofunni að fylgjast með málinu og upplýsa nefndina um áframhaldandi fjármögnun hinnar nýju áætlunar fyrir tímabilið 2025–2030.

Í ljósi þessa leggur nefndin til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að tilmælin séu endanlega afgreidd af hálfu ráðsins.

Kaupmannahöfn, 25. febrúar 2025

Gunilla Carlsson (S)

Jani Kokko (sd)

Per-Arne Håkansson (S)

Ann-Sofie Alm (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Kjell-Arne Ottosson (KD),

Johan Dahl (sb)

Sandra Listerby (Lib)

Ann-Christine Utterstedt (SD)

Erling Eidesgaard (T)